

AURARÁÐ

Vinnuhefti um fjármál

Auður Pálsdóttir

Efnisyfirlit

Við borgum skatta	2
Hvað færðu útborgað	4
Uppsafnaður persónuafsláttur	6
Af hverju borgum við í lífeyrissjóð	8
Viðbótarlífeyrissparnaður	10
Debetkort	12
Þú ætlar að geyma peninga	14
Yfirdráttur	16
Kreditkort og raðgreiðslur	18
Skuldabréfalán	20
Að kaupa á Netinu	22
Að eignast bíl	24
Rekstur bíls	26
Hverjar eru líkurnar?	28
Hvað kostar þinn lífsstíll?	30
Húsnæði	32
Hvað gerist ef þú borgar ekki af lánum?	34
Þú ferð að búa – reka þitt eigið heimili	36
Hagsýni	38
Unglingur í vanskilum	40

Auraráð

Vinnuhefti um fjármál

ISBN 978-9979-0-1490-4

© 2011 Auður Pálsdóttir

© 2005 Myndir: Jean Posocco

Allur réttur áskilinn

Ritstjórn: Aldís Yngvadóttir og Ellen Klara Eyjólfsdóttir

1. útgáfa 2005

önnur prentun 2008

2. útgáfa 2011

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Faglegur yfirllestur: Jón Árni Ólafsson og Ragnheiður Matthíasdóttir

Prófarkalestur: Þórdís Guðjónsdóttir og Anna S. Valdimarsdóttir

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Litróf ehf.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Auraráð

Vinnuhefti um fjármál

Auður Pálsdóttir



Í þessu verkefni er fjallað um:

- Skatta
- Hverjir borga skatta
- Hvernig skattgreiðslur eru reiknaðar
- Persónuafslátt og skattleysismörk

Við borgum skatta

Skattur er fjárhæð sem landsmönnum ber að greiða til ríkis og sveitarfélaga. Skattar eru til þess að standa straum af sameiginlegum útgjöldum okkar, svo sem vegna menntunar, heilsugæslu, vegagerðar, löggæslu og almannatrygginga. Upplýsingar um hvernig gjöldum og tekjum ríkisins er skipt má finna á vefnum www.ríkiskassinn.is.

Á Íslandi borga allir launþegar (þeir sem þiggja laun fyrir vinnu sína) skatt af tekjum sínum. Við greiðum bæði beina- og óbeina skatta. Beinir skattar eru t.d. tekjuskattar og eignaskattar, en óbeinir skattar eru t.d. virðisaukaskattur og tollar.

Á skólavef ríkisskattstjóra www.rsk.is (smella á hnappinn *Skólavefur*) má finna mjög aðgengilegar upplýsingar um skattamál á Íslandi.

Upphæðin sem hver og einn á að greiða kallast **staðgreiðsla skatta**. Þessi upphæð er reiknuð út frá staðgreiðslu og persónuafslætti sem er ákveðin upphæð sem dregst frá útreiknuðum tekjuskatti. Allir sem náð hafa 16 ára aldri og eiga lögheimili hér á landi eiga rétt á fullum persónuafslætti. Sjá nánar um upphæð persónuafsláttar og skattþrep á vef ríkisskattstjóra www.rsk.is.

Skattskyldar tekjur eru heildartekjur launamanns að frádregnum kostnaði (við öflun þeirra) og að frádregnum skattfrjálsum lágmarkstekjum.

Skattleysismörk segja til um hversu háar tekjur launamaður má hafa án þess að greiða þurfi af þeim skatt. Hafi launamaður hærri tekjur en skattleysismörk, þá borgar hann skatt af umframupphæðinni.

Verkefni

Gerum ráð fyrir að þú sért hefðbundinn launþegi í fastri vinnu. Reiknaðu út hversu há fjárhæð fer af einum mánaðarlaunum í skatta. Þú velur upphæð launanna, en þó innan skynsemismarka.

Gerum nú ráð fyrir að þú sért ekki í fastri vinnu heldur sé vinna þín óregluleg. Hugsum þá um heildartekjur þínar á einu ári og hversu háa upphæð þér ber að greiða í staðgreiðslu. Þú velur upphæð ársteknanna og reiknar út staðgreiðslu skatta.

Hversu miklar tekjur máttu hafa í laun án þess að þurfa að greiða skatt?

Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Hvernig ráðstöfunartekjur eru reiknaðar
- Mánaðarlaun og laun fyrir yfirvinnu
- Orlof og orlofsgreiðslur
- Launatengd gjöld

Hvað færðu útborgað?

Á launaseðli eru yfirleitt margs konar upplýsingar. Fyrst er gerð grein fyrir hvernig launin eru upp byggð, þ.e. **mánaðarlaun**, **laun fyrir yfirvinnu** (fjöldi yfirvinnutíma og tímakaup í yfirvinnu) og **orlof** af yfirvinnukaupi (orlof þýðir frí frá vinnu). Allir launþegar ávinna sér rétt til töku orlofs á launum. Annars vegar er reiknað orlof af mánaðarlaunum hjá þeim sem fá ekki orlof á launum og hins vegar er reiknað orlof af yfirvinnulaunum.

Orlofslaun eru annaðhvort borguð út með laununum um hver mánaðarmót eða lögð á orlofsreikning sem er laus til útborgunar í maí ár hvert. Mánaðarlega er þá tekið af laununum og þegar launamaður fer svo í orlof fær hann greidd laun þrátt fyrir fjarveru. Réttur til töku orlofs er samningsbundinn réttur hvers launþega. Hjá flestum stéttarfélögum er samið um a.m.k. 24 daga orlof handa félagsmönnum en til orlofsdaga teljast aðeins virkir dagar. Það getur verið að launþegi hafi ekki áunnið sér fullan orlofsrétt, þá á hann samt sem áður rétt á að taka fullt orlof en launalaust.

Í dæminu hér á eftir er gert ráð fyrir að þú sért í fullri vinnu í verslun og vinnir aðallega á afgangi. Þeir sem vinna í verslun eru flestir í stéttarfélagi verslunarmanna, t.d. VR (Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur sem þjónar starfsfólki í verslunar- og þjónustustörfum í nokkrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu). Á vef VR www.vr.is (smella á Orlofsréttindi) kemur fram að lágmarksorlof er 24 virkir dagar þ.e. tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á árinu. Lægstu orlofslaun eru 10,17% af heildarlaunum.

Á launaseðli eru einnig tilgreind ýmis önnur **launatengd gjöld**. Greidd eru t.d. **stéttarfélagsgjöld** og **lífeyrissjóð**. Upplýsingar um upphæð félagsgjalds í stéttarfélagum er að finna á vef einstakra stéttarféлага. Ýmist er um að ræða ákveðið lágmarksgjald og/eða ákveðið hlutfall af heildarlaunum. Greiðsla launþega í lífeyrissjóð er ákveðið hlutfall af launum. Flestir borga 4% af launum sínum í lífeyrissjóð og greiðir atvinnurekandi síðan að lágmarki 8% mótframlag.

Verkefni

Þú ert orðinn 19 ára og vinnur í verslun. Reiknaðu út hvað þú færð útborgað eftir mánaðar vinnu (gerum ráð fyrir 40 stunda vinnuviku að viðbættum 10 yfirvinnustundum á viku).

Þú þarft að finna:

- Tímakaupið í dagvinnu og yfirvinnu.
- Hversu há upphæð fer í stéttarfélagsgjöld og lífeyrissjóð.
- Hversu mikið verður dregið frá í staðgreiðslu skatta.
- Hverjar ráðstöfunartekjurnar verða (hvað þú færð raunverulega útborgað).

LAUNASEÐILL

Launagreiðandi:

Launatímabil:

Launþegi:

Kennitala:

LAUN

Laun: Kr. + _____

Yfirvinna: _____ klst. Kr. + _____

Orlof á yfirvinnu: Kr. + _____

Heildarlaun: Kr. = _____

Heildartekjur: Kr. = _____

Frádráttur alls: Kr. - _____

Útborguð laun: Kr. = _____

Kvittun launþega

Lagt inn á reikn. _____

SKATTAÚTREIKNINGUR

Heildarlaun: Kr. + _____

Lífeyrissjóður 4%: Kr. - _____

Skattskyld laun: Kr. = _____

(Heildarlaun - lífeyrissjóður)

Skatthlutfall: Kr. = _____

Skattþrep 1 _____

Skattþrep 2 _____

Skattþrep 3 _____

Persónuafsláttur: Kr. - _____

Ónýttur persónuafsláttur
uppsafnaður: Kr. - _____

Ónýttur persónuafsláttur
geymdur til næsta tímab.: Kr. - _____

Staðgreiðsla: Kr. = _____

= staðgreiðsluskyld laun

- persónuafsláttur

+ ónýttur persónuafsláttur

FRÁDRÁTTUR FRÁ LAUNUM

Staðgreiðsla: Kr. + _____

Lífeyrissjóður 4%: Kr. + _____

Séreignasjóður 4%: Kr. + _____

Félagsgjald: Kr. + _____

Frádráttur alls: Kr. = _____

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Uppsafnaðan persónuafslátt
- Skattkort
- Frítekjumark barna
- Útreikning launatengdra gjalda og ráðstöfunartekna

Uppsafnaður persónuafsláttur

Persónuafsláttur er föst krónutala á mánuði sem allir launþegar eiga rétt á. Fjölmargir námsmenn vinna eingöngu á sumrin og nýta því persónuafslátt sinn aðeins nokkra mánuði á ári. Persónuafsláttur sem ekki hefur verið nýttur kallast **upsafnaður persónuafsláttur** en upplýsingar um nýttan persónuafslátt ber að skrá á skattkort hvers einstaklings.

Skattkort er kort sem skattayfirvöld láta launþega í té með upplýsingum til að ákvarða frádrátt frá launum hans við staðgreiðslu skatta. Skattkortið veitir rétt til persónuafsláttar á staðgreiðsluári (almanaksári), en á skattkortinu kemur fram hlutfall persónuafsláttar. Á vef Ríkisskattsjóra www.rsk.is er skólavefur (smella á hnappinn Skólavefur) með aðgengilegum upplýsingum um skattamál og útreiknuðum dæmum.

Þeir sem eiga lögheimili hér á landi fá sent skattkort í byrjun þess árs sem 16 ára aldri er náð. Skattkortið er hægt að nýta í staðgreiðslu frá ársbyrjun.

15 ára og yngri: Fram að 16 ára aldri greiða börn og unglingar það sem stundum hefur verið kallað barnaskattur. Börn hafa **frítekjumark**, en af tekjum umfram það eru 6% greidd í skatt.

16 ára og eldri: Á því ári sem einstaklingur verður 16 ára fer hann að borga skatta eftir sömu reglum og fullorðnir. Í staðinn fyrir 6% „barnaskatt“ er reiknuð staðgreiðsla og frá henni dreginn persónuafsláttur.

Til að menn geti nýtt sér persónuafslátt þurfa þeir að afhenda launagreiðanda skattkort sitt; en launagreiðanda ber að skrá á bakhlið kortsins upplýsingar um nýttan persónuafslátt. Vinnuveitandi/launagreiðandi sér um að skrá þessar upplýsingar en launamaður ber ábyrgð á að ganga eftir því að þessar upplýsingar séu skráðar á skattkortið.

Verkefni

Gerum ráð fyrir að þú sért 17 ára og verðir í sumarvinnu í tvo mánuði og vinnir við fiskverkun. Reiknaðu hvað þú hefur fengið útborgað eftir átta vikna vinnu í lok júlí (gerum ráð fyrir 40 stunda vinnuviku að viðbættum 10 yfirvinnustundum á viku).

Í þessu dæmi gerum við ráð fyrir að þú hafir ekki nýtt persónuafsláttinn þinn frá byrjun janúar (áramótum) og til loka júní þegar þú færð útborgað.

Þú þarft að:

- Ákveða hvert tímakaupið er í dagvinnu og yfirvinnu.
- Reikna hversu há upphæð fer í stéttarfélagsgjöld og lífeyrissjóð.
- Reikna uppsafnaðan persónuafslátt (janúar–júní).
- Reikna hversu mikið verður dregið frá í skatta.
- Finna út hverjar verða ráðstöfunartekjurnar (hvað þú færð raunverulega útborgað þann 1. júlí).

Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR



Í þessu verkefni er fjallað um:

- Lífeyrissjóði
- Lífeyrisiðgjöld
- Lífeyrissparnað
- Mótframlag atvinnu- rekenda

Af hverju borgum við í lífeyrissjóð?

Réttur hvers og eins til öruggrar afkomu í framtíðinni er einn af hornsteinum íslensks samfélags. Lögum samkvæmt á allt starfandi fólk á Íslandi að greiða í lífeyrissjóð og yfirleitt ræðst það af starfsgrein eða starfsvettvangi í hvaða lífeyrissjóð hver greiðir.

Iðgjald í lífeyrissjóð er trygging sem skapar réttindi. Öllum er skylt að greiða 4% launa sinna í lífeyrissjóð og er iðgjaldið frádráttarbært frá skatti. Að auki greiðir launagreiðandi 8% mótframlag þannig að samtals er skylt að greiða 12% af launafjárhæð launamanns í lífeyrissjóð.

Lífeyrissjóður er félag eða stofnun sem greiðir mönnum lífeyri ef vinnutekjur bregðast vegna aldurs, örorku eða andláts. Eins og fram kemur á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is og vef Landssambands lífeyrissjóða www.ll.is skapa iðgjöld í almennan lífeyrissjóð ákveðin réttindi en þau erfast ekki. Flestir byrja að fá greiddan ellilífeyri 65–70 ára og er hann greiddur til æviloka. Réttindi þessi ná ekki aðeins til ellilífeyris, heldur þarf t.d. aðeins að hafa greitt í lífeyrissjóð í tvö ár til að eiga rétt á örorkulífeyri. Þá er greiddur makalífeyrir vegna látins sjóðfélaga og barnalífeyrir er greiddur börnum látins sjóðfélaga til 18 ára aldurs.

Þrennt sem einkennir lífeyrissjóðina á Íslandi:

- Sjóðsöfnun. Landsmenn leggja saman í sjóð sem er ávaxtaður til að greiða öllum lífeyri til æviloka.
- Samtrygging. Aðild að lífeyrissjóði tryggir verðtryggðan lífeyri til æviloka. Með samábyrgð og þátttöku allra er tryggt að þeir sem verða fyrir áföllum vegna slysa eða sjúkdóma fá greiddan lífeyri.
- Skylduaðild. Aðild að lífeyrissjóðum er skylda samkvæmt landslögum og er forsenda þess að við getum dreift áhættunni, forðast mismunun og tryggt öllum lífeyri, óháð efnahag, aðstæðum eða kyni.

Með greiðslum í lífeyrissjóð ávinna sjóðfélagar sér ákveðin stig sem hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum seinna meir. Dæmi um þetta má skoða á vef Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins www.lsr.is (leitarvél -> slá inn: útreikningur ellilífeyris). Nánari upplýsingar um reglur lífeyrissjóða má finna á vef hvers sjóðs fyrir sig, hjá mörgum bönkum og sparissjóðum, en lista yfir lífeyrissjóði hérlendis má finna t.d. á Netinu og í símaskránni.

Verkefni

Gerum ráð fyrir að þú sért 30 ára og í fullu starfi. Veldu þér raunhæf mánaðarlaun. Síðan áttu að reikna út upphæð lífeyrisgreiðslna þinna og finna út hvað þú færð á mánuði eftir 67 ára aldur og svo eftir 70 ára aldur.

Reiknivélar á heimasíðum banka og sparissjóða auðvelda þér vinnuna.

Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Viðbótarlífeyrissparnað
- Lífeyrisiðgjöld
- Mótframlag
- Séreignarsjóði

Viðbótarlífeyrissparnaður

Í flestum tilvikum eru greiðslur úr lífeyrissjóði eftir starfslok nokkuð lægri en þau laun sem einstaklingur var vanur að fá útborguð. Í ljósi þessa hafa margir ákveðið að auka sparnað sinn til að geta frekar lifað við fjárhagslegt öryggi eftir starfslok.

Til viðbótar við lágmarksiðgjald þitt í lífeyrissjóð (sjá bls. 32) er þér heimilt samkvæmt lögum að greiða viðbótariðgjald í séreignarsjóð, allt að 4% af launum þínum. Þetta viðbótariðgjald sem greitt er í séreignarsjóði kallast viðbótarlífeyrissparnaður og er frádráttarbært frá skatti eins og lögbundnu lífeyrissjóðsiðgjöldin, en getur ekki komið í staðinn fyrir lögbundin iðgjöld. Launagreiðandi bætir síðan við þennan viðbótarlífeyrissparnað mótframlagi sem getur verið allt að 2%.

Munurinn á þessu tvennu er að **iðgjald í lífeyrissjóð (sameignarsjóð) er trygging sem skapar réttindi en greiðsla í séreignarsjóð er sparnaður sem skapar eign.**

Ekki þarf að greiða tekjuskatt af þeim hluta launanna sem fer í séreignarsjóð fyrr en hann er greiddur út. Góður séreignarsjóður þýðir að eigandinn hefur meiri tekjur þegar hann hættir að vinna og getur hugsanlega leyft sér að draga úr vinnu eða hætta áður en hann kemst á eftirlaunaaldur, en heimilt er að hefja úttekt 60 ára. Sjóðurinn er auk þess góð trygging ef veikindi eða slys ber að höndum.

Ef eigandi sjóðs deyr erfist inneignin eftir sömu reglum og gildir almennt um arf.

Rétt er að benda á að þeir sjóðir og fjármálafyrirtæki sem bjóða upp á viðbótarlífeyrissparnað eru flestir með reiknivélar á Netinu þar sem hægt er að reikna út eignamyndun og endurgreiðslur. Þar er einnig að finna upplýsingar um skilmála sjóðanna. Margir sjóðir eru í boði og hafa landsmenn frjálst val um séreignarsjóð.

Verkefni

Þú ert 30 ára og átt að velja þér upphæð sem þig langar að eiga við starfslok og láta lífeyrisreiknivél einhvers banka eða sparisjóðs finna út hvað þú þarft að leggja fyrir á mánuði. Mundu að viðbótarlífeyrissparnaðurinn byggist á 4% framlagi frá þér en allt að 2% frá launagreiðanda.



Í þessu verkefni er fjallað um:

- Debetkort
- Gjald fyrir debetkortafærslur

Debetkort

Flestir þekkja **debetkort**. Debetkort er greiðslukort sem hægt er að greiða með fyrir vöru og þjónustu en þá verður rafræn úttekt af tékkareikningi viðkomandi viðskiptavinar. Greiðsla með debetkorti er því staðgreiðsla. Ódýrara er að nota debetkort en ávísanir, en ávísanir eru eyðublöð þar sem skrifa má út fjárhæð af tékkareikningi.

Debetkort er hægt að nota sem:

- Staðgreiðslukort innanlands.
- Hraðbankakort til úttektar í hraðbönkum heima og erlendis.
- Til að millifæra, fá yfirlit yfir færslur og greiða reikninga.
- Bankakort til úttektar, innborgunar eða greiðslu í bönkum og sparisjóðum.
- Ábyrgðarkort þegar greitt er með tákka (ávísun).

Debetkorthafar þurfa að greiða árgjald fyrir þjónustuna. Þá er tekið sérstakt gjald fyrir hverja færslu þegar greitt er fyrir vöru og þjónustu, en úttektir og millifærslur í hraðbönkum eru viðskiptavininum almennt að kostnaðarlausu. Gjald fyrir debetkortafærslur má sjá á heimasíðum banka og sparisjóða.


Verkefni

Reiknaðu út hver verða færslugjöld þín í eitt ár af debetkorti (reiknaðu með árgjaldinu líka).

Gerum ráð fyrir að þú notir kortið þitt að meðaltali 10 sinnum í viku (en ekki reikna með úttektum í hraðbanka, þær eru ókeypis).

Síðan áttu að afla upplýsinga heima um hversu oft á dag foreldri þitt (eða forráðamaður) notar sitt debetkort, reikna síðan út færslugjöld á mánuði og síðan á ári.

Hvað kostar að nota ávísanahefti?



Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni
er fjallað um:

- *Innlánsreikninga*
- *Innlánsvexti*
- *Ársvexti*

Þú ætlar að geyma peninga

Þegar fólk sparar peninga eða leggur fyrir borgar sig að ávaxta þá sem best. Almenna reglan er sú að því lengur sem maður lofar að geyma peningana í bankanum (binda þá) þeim mun hærri innlánsvextir fást. Einnig er hægt að fara aðrar sparnaðarleiðir t.d. með því að kaupa í verðbréfasjóðum o.fl.

Innlánsvextir eru peningar sem bankar eða sparisjóðir borga eigendum innlánsreikninga fyrir afnot af peningum/innistæðu þeirra. Fjölmargar gerðir af innlánsreikningum eru til sem ýmist eru bundnir eða óbundnir og gefa misháa vexti. Eftir því sem binditími peninganna er lengri, þ.e.a.s. eftir því sem þú lofar að hafa peningana lengur í bankanum, því hærri verða vextirnir.

Ársvextir eru þeir vextir sem greiddir eru fyrir að geyma peninga (eða fá þá að láni) í eitt ár.

Greiddur er fjármagnstekjuskattur af öllum innlánsvöxtum.

Verkefni

Þú ákveður að geyma helminginn af sumarlaununum þínum í þrjú ár. Farðu inn á vefsíðu a.m.k. þriggja banka og athugaðu hvaða innlánsreikningar myndu henta þér og hvaða vextir eru í boði.

Veldu einn innlánsreikning og reiknaðu út hver eignin er eftir árin þrjú. Hvað er upphæðin há sem bætist við höfuðstólinn, þ.e.a.s. upphæðina sem þú byrjaðir með? Hve mikinn fjármagnstekjuskatt þarftu að greiða? Notaðu vefinn www.rsk.is.



Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Yfirdráttarlán
- Innláns- og útlánsvexti
- Ársvexti

Yfirdráttur

Yfirdráttarlán eru ein tegund peningalána. Á sumum tékkareikningum (debetkortareikningum) er tekið ákveðið heimildargjald af yfirdrættinum en almennt eru aðeins greiddir vextir af þeirri upphæð sem notuð er á hverjum tíma.

Geymi maður peninga sína í banka eða sparisjóði fást greiddir **innlánsvextir**, þ.e. peningar sem banki eða sparisjóðir borga fyrir að hafa afnot af peningunum. Þessir vextir eru tekjur sem eigandi reikningsins greiðir fjármagnstekjuskatt af.

En fáir maður lán í banka eða sparisjóði þarf að borga **útlánsvexti** sem eru gjöld sem einstaklingar þurfa að borga fyrir að hafa afnot af peningunum. Innláns- og útlánsvextir eru mismunandi eftir tegund reikninga sem lagt er inn á eða hvers konar lán er tekið.

Í öllum tilfellum eru gefnir upp **ársvextir**, þ.e. þeir vextir sem fást (eða eru greiddir) ef upphæðin er geymd (eða tekin að láni) í eitt ár. Ef tíminn sem lán er tekið (eða peningar eru geymdir) er styttri en eitt ár þarf að taka sérstaklega tillit til þess í útreikningum.

Verkefni

Fyrst þarftu að athuga hvaða vexti (innlánsvexti) þú færð hjá þínum banka eða sparisjóði fyrir að eiga 30.000 kr. á debetkortareikningnum í tvo mánuði.

Síðan þarftu að athuga hvaða vexti (útlánsvexti) þú þarft að borga fyrir að fá 30.000 kr. yfirdráttarlán í tvo mánuði.

Aflaðu upplýsinga um hverjir yfirdráttarvextirnir eru í fimm bönkum eða sparisjóðum.

Hvað kostar að vera með 150.000 króna yfirdrátt í eitt ár, ef miðað er við meðaltalsvexti á yfirdráttarlánnum?



Í þessu verkefni er fjallað um:

- Kreditkort
- Raðgreiðslu- og staðgreiðsluverð
- Greiðsludreifingu
- Kostnað við notkun kreditkorta

Kreditkort og raðgreiðslur

Kreditkort eru rafræn greiðslukort sem notuð eru við kaup á vöru eða þjónustu, en eiginleg borgun á sér ekki stað fyrir en við uppgjör færslutímabils oftast við mánaðamót. Notkun langflestra kreditkorta felur því í raun í sér skammtímalán. Kreditkort geta þeir einir fengið sem eru fjárráða og hafa náð 18 ára aldri.

Þegar dýrari vörur eru verðmerktar er nokkuð algengt að gefa upp bæði **staðgreiðsluverð** (en þá fær seljandinn peningana sína strax) og **raðgreiðsluverð**. Kaup með raðgreiðslum kallast það þegar hlutur er keyptur og greiddur þannig, að ákveðna upphæð skal greiða mánaðarlega af kreditkorti. Þessi mánaðarlega upphæð (afborgun) samanstendur af greiðslu hluta lánsins ásamt vöxtum. Seljandi fær sína peninga aftur á móti greidda við mánaðarlegt uppgjör hjá kreditkortafyrirtækinu.

Algengt er að raðgreiðsluverð sé nokkru hærra en staðgreiðsluverð, enda bætist við nokkur kostnaður fyrir seljanda við að fá peningana sína greidda hjá kreditkortafyrirtækinu.

Á heimasíðum stærstu kreditkortafyrirtækjanna (www.kreditkort.is og www.valitor.is) og á heimasíðum banka og sparisjóða má finna **gjaldskrá korthafa** fyrir einstaka þjónustuliði, s.s. árgjald, færslugjöld vegna raðgreiðslna og greiðsludreifingar.

Greiðsludreifing kallast það þegar korthafi getur ekki greitt úttekt sína og semur við banka sinn, sparisjód eða kreditkortafyrirtæki um að borga skuld sína í ákveðnum hlutum.

Verkefni

Þú ætlar að kaupa þér tölvu og borga hana með níu raðgreiðslum á kreditkorti.

Þú þarft að:

- Finna áhugaverða tölvu til að festa kaup á.
- Reikna út hvað hver greiðsla verður há með vöxtum af skuldinni hverju sinni og færslugjöldum.
- Finna síðan út hvað tölvan kostar að lokum með öllum kostnaði.

Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Skuldabréfalán
- Ábyrgðarmenn, einfalda ábyrgð og sjálfsskuldarábyrgð
- Notkun reiknivéla á Netinu

Skuldabréfalán

Það getur komið sér vel að spara peninga til þess að eiga þegar keyptir eru stórir og dýrir hlutir. Þegar fólk langar að eignast dýra hluti og gefur sér ekki tíma til að safna fyrir þeim, getur borgað sig að taka lán og staðgreiða síðan hlutinn til að fá hann á staðgreiðsluverði. Ein algengustu peningalánin eru skuldabréfalán.

Skuldabréfalán eru annaðhvort skammtíma- eða langtímalán gegn skuldayfirlýsingu og geta þau verið með ábyrgðarmönnum eða fasteigna- og/eða bifreiðaveði og ákvarðast vextir af því. Vextir ráðast af tegundum trygginga og greiðsluhæfi lántakanda. Töku skuldabréfaláns fylgir 1,5% stimpilgjald til Ríkissjóðs og lántökukostnaður sem er mismunandi hjá bönkum og sparisjóðum. En til að geta tekið lán krefjast lánveitendur (bankar og sparisjóðir) yfirleitt einhvers konar tryggingar fyrir því að fá fé sitt til baka ef lántakandi borgar ekki.

Algengustu tryggingarnar fyrir lánum eru að farið er fram á undirskrift ábyrgðarmanna. Ábyrgð á lánum er lögfræðileg skuldbinding sem verður virk ef samningur er ekki efnður; það þýðir að sá sem gerist ábyrgðarmaður fyrir láni er að tryggja að lánið verði greitt ef skuldarinn (sá sem tekur lánið) getur ekki greitt það.

Ábyrgð á lánum er algengt að greina í tvennt:

Einfalda ábyrgð, en þá er fyrst farið til aðalskuldarans (þess sem tók lánið) og hann krafinn greiðslu. Ef ljóst er og fullreynt (t.d. með fjárnámi) að hann er ekki fær um að greiða skuldina, er farið til ábyrgðarmanns.

Sjálfsskuldarábyrgð, en þá má fara beint til ábyrgðarmannsins (án þess að ganga fyrst á aðalskuldarann) og krefja hann um greiðslu á skuldinni.

Verkefni

Þú ákveður að taka skuldabréfalán til fjögurra ára til að kaupa nýlegan smábíl. Á vefsíðum banka og sparisjóða eru svokallaðar reiknivélar sem reikna út greiðslubyrði lána. Gefa þarf upplýsingar um lánsupphæð, lánstíma og hugsanlegan fjölda afborgana, allt eftir því hvaða svara er leitað.

Finndu út hve háar afborganirnar verða að meðaltali og hver heildarkostnaðurinn við lántökuna verður þegar upp er staðið. Gerðu ráð fyrir vöxtum og lántökukostnaði (eins og stimpilgjaldi og þinglýsingu) en ekki gera ráð fyrir dráttarvöxtum sem eru í raun aukavextir sem þarf að borga sem refsingu fyrir að greiða ekki afborganir á réttum tíma.

Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Vöruverð á Neti og endanlegt verð vöru þegar hún er komin í hendur kaupanda
- Aðflutningsgjöld
- Virðisaukaskatt og tolla

Að kaupa á Netinu

Það að kaupa sjálfur vöru frá útlöndum er í raun vöruinnflutningur og því þarf að borga af vörunum ýmis **aðflutningsgjöld**, s.s. flutning, **tolla** og síðan **virðisaukaskatt** (vsk). Nánari upplýsingar um vsk. og innflutningstolla má finna á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is (leitarvél -> virðisaukaskattur eða innflutningstollar). Upphæð þessara gjalda ræðst af því í hvaða vöruflokki (og þar með tollaflokki) varan er.

Að áætla endanlegt verð innfluttrar vöru getur verið nokkuð snúið vilji maður fá út nákvæma tölu. Hægt er að hafa samband við flutningafyrirtækin eins og TVG-Zimsen, Samskip, Jónar Transport og Eimskip en einnig er hægt að nota reiknivélar á Netinu eins og www.shopusa.is en á þeirri heimasíðu er reiknivél sem eingöngu krefst þess að maður viti verð vörunnar í Bandaríkjadöllum (USD) og í hvaða vöruflokki varan er (hægt er að velja úr löngum lista vöruflokka). Niðurstaðan birtist svo í íslenskum krónum.

Þetta sýnir nokkuð vel hvert endanlegt verð vörunnar verður.

Verkefni

Þú ætlar að kaupa þér bók í gegnum Netið og borgar með kreditkort. Bókin kostar 36 Bandaríkjadollara (USD) og verður send heim til þín.

Hvert er endanlegt verð bókarinnar í íslenskum krónum?

Þú verður að reikna með póstburðargjaldi (fyrir lítinn böggul), aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti (getur líka notað reiknivél á Netinu).

Veldu þér nú fjóra aðra hluti til að kaupa á Netinu. Skráðu hjá þér verð vörunnar frá seljanda og hvað hún muni svo kosta þegar hún er komin í þínar hendur.

Hvað myndi sambærileg vara kosta út úr búð hérna?



Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Bíla kaup
- Útreikning afborgana af bílalánum (greiðslubyrði)

Að eignast bíl

Margir kaupa sér ódýra notaða bíla og borga þá með sparifé. Til eru fleiri leiðir við fjármögnun bílakaupa eða langtímaleigu á bílum. Ein tegund bílalána eru þau lán sem tekin eru hjá fjármálafyrirtækjum.

Mjög ákveðnar reglur gilda um aldur bíls og lánstíma en undantekningalaust þarf kaupandinn að eiga ákveðið hlutfall af kaupverðinu.

Á heimasíðum banka, sparisjóða, tryggingafélaga og einstakra annarra fjármálafyrirtækja má finna upplýsingar um mismunandi leiðir við fjármögnun bílakaupa. Þar er líka að finna reiknivélar sem nýtast m.a. við útreikning á afborgunum.

Verkefni

Þú ætlar að kaupa þér glænýjan bíl og átt 20% af kaupverðinu. Afganginn fjármagnarðu með bílaláni.

Veldu þér fólksbíl og aflaðu þér upplýsinga um verð hans.

Þú átt að reikna út hvað lánið kostar á mánuði út frá dæmi A og B.

Dæmi A:

Hver er mánaðarleg afborgun ef lánið er tekið í fimm ár?

Hversu stór hluti af hverri afborgun eru vextir?

Hvert mun verða endanlegt verð á bílnum

(með öllum afborgunum, vöxtum og tengdum gjöldum)?

Hvað er líklegt að þú fái fyrir þennan bíl eftir fimm ár ef þú selur hann? Áætlað söluverð notaðra bíla má finna á vef bílaumboða og einstökum bílasölum.

Dæmi B:

Hversu langur verður lánstíminn ef hver afborgun má ekki vera hærri en 20.000 kr. á mánuði?

Hversu stór hluti af hverri afborgun eru vextir?

Hversu lengi verðurðu að borga bílinn upp?

Hvert mun verða endanlegt verð á bílnum?

Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Rekstrarkostnað bíla
- Skyldutryggingar, valfrjálsar tryggingar, iðgjöld

Rekstur bíls

Þeir sem eiga bíl vita mjög vel að rekstur bíls felur ekki bara í sér að kaupa bensín. Taka þarf fjölmarga þætti með í reikninginn þegar taka á saman hvað það kostar í raun og veru að reka bíl í eitt ár.

Fyrir utan bensínkostnað þarf að borga skyldutryggingar sem eru *ábyrgðartrygging* og *slysatrygging ökumanns og eiganda*. Aðrar tryggingar fólksbíla eru valfrjálsar tryggingar. **Iðgjöld** tryggingafélaganna (það sem þú borgar á ári í tryggingarnar) ráðast af bílastærð og aldri bílsins, auk aldurs og ökuferlis eiganda. Upplýsingar um iðgjöld bílatrygginga má finna á heimasíðu tryggingafélaganna.


Við samantekt á rekstrarkostnaði bíls þarf að gera ráð fyrir ákveðinni upphæð í viðhald og viðgerðir bílsins.

Verkefni

Þú átt lítinn fólksbíl sem þú skuldar ekkert í og ætlar að reikna út hvað kostar að reka hann í eitt ár. Meðalaksturinn er 22.000 km, bíllinn eyðir átta lítrum á hundrað kílómetra.

Reiknaðu heildarnotkun bensíns og hvað það kostar. Bættu svo við skyldutryggingum, áætlaðu viðhaldskostnað (viðgerðir og viðhald) og gerðu jafnvel ráð fyrir einhverjum valfrjálsum tryggingum. Einnig má fara inn á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda www.fib.is og skoða áætlaðan viðhaldskostnað nýrra bíla.

Kynntu þér verð á strætókorti á www.straeto.is og berðu saman við heildarkostnað við rekstur bíls í eitt ár.



Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Hapdrætti
- Líkur á vinningum
- Kostnað við þátttöku í hapdrætti og lottó

Hverjar eru líkurnar?

Fjölmörg samtök og stofnanir reka hapdrætti, lottó, getraunir og spilakassa til að afla tekna fyrir starfsemi sína. Sumir draga út vinningshafa einu sinni í viku, aðrir einu sinni í mánuði og mörg hapdrætti aðeins einu sinni á ári. Með þátttöku í slíkum leikjum er oft verið að styrkja góð málefni en óhóf getur verið mjög kostnaðarsamt og vinningslíkur ekki alltaf jafnmiklar og haldið er í fyrstu.

Verkefni

Skoðaðu þrjú stór hapdrætti á Íslandi, hapdrætti Háskóla Íslands (HHÍ), Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS) og Lottó. Upplýsingar um miðaverð, fjölda útgefinna miða og vinningslíkur má finna á vefsíðunum www.hhi.is, www.sibs.is og www.lotto.is.

Þú þarft að finna:

- Hvað kostar hapdrættismiði í hapdrætti Háskóla Íslands?
Hverjar eru líkurnar á að fá hæsta vinninginn og hvað er hann hár?
Hvað kostar að eiga almennan miða (ekki trompmiða) í HHÍ á ári?
- Hvað kostar hapdrættismiði í hapdrætti SÍBS?
Hverjar eru líkurnar á að fá hæsta vinninginn og hvað er hann hár?
Hvað kostar að eiga almennan miða (ekki trompmiða) í SÍBS á ári?
- Hvað kostar lottómiði með 10 röðum?
Hverjar eru líkurnar á að fá fimm réttar tölur og hljóta hæsta vinning?
Hvað kostar að kaupa tíu raða lottómiða einu sinni í viku allt árið?



Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Kostnað við lífsstíl
- Framfærslukostnað
- Einkaneyslu

Hvað kostar þinn lífsstíll?

Allir hafa ákveðinn lífsstíl sem kostar mismikið. **Lífsstíll** hvers og eins getur falið í sér hvað gert er í frístundum, hvaða hluti við notum dagsdaglega og í hvað við verjum peningum. Algengast er að forráðamenn barna greiði kostnað vegna húsnæðis, fæðis og læknishjálpar, nauðsynlegan fatnað og þess háttar.


Verkefni

Taktu saman hver **einkaneysla** þín er á viku í þrjá mánuði og finndu út hvað þinn lífsstíll kostar að meðaltali á viku, mánuði og ári.

Þetta felur í sér að þú tekur saman allt sem þú notar peninga í eins og kostnað við að eiga og reka gsm-síma, kaup á sælgæti, skyndibitum, drykkjum, kaup eða leigu á mynddiskum, geisladiskum, kaup/áskrift á tímaritum, bíóferðir, skemmtanir, kaup á fatnaði og snyrtivörum o.s.frv. Einnig skaltu taka með í reikninginn útgjöld við reiðhjól og bifhjól, íþróttæfingar (og fatnað tengdan þeim) og tónlistarnám og hvað annað sem kann að teljast hluti af þínum lífsstíl.

Það sem þú þarft að gera er:

- Útbúa töflu og skrá samviskusamlega í hana allt sem þú verð fjármunum í eða getur flokkast undir einkaneyslu þína (en mundu að í þessu dæmi erum við ekki að reikna með fastakostnaði).
- Finndu út hugsanlega neyslu þína á ári. Mundu að gera ráð fyrir að lífsstíllinn þinn er breytilegur eftir árstíðum.
- Merktu síðan við þá liði sem þú gætir sleppt og hugsanlega lagt peningana fyrir í staðinn.



Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST	SEPT.	OKT.	NÓV.	DES.
	SAMTALS											

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Fasteignakaup
- Húsnæðislán
- Greiðslumat
- Sparnaðaráætlun
- Veð

Húsnæði

Það er stórt skref í lífi hvers einstaklings að flytja að heiman og þegar að því kemur eru ýmsir kostir sem koma til greina, s.s. leiguhúsnæði, búseturéttur og kaup á húsnæði.

En flesta dreymir um að geta einhvern tíma eignast þak yfir höfuðið. Fæstir geta safnað fyrir svo dýrum fjárfestingum og taka því **húsnæðislán** fyrir stórum hluta íbúðarverðsins. Slík lán er hægt að fá hjá Íbúðalánasjóði eða almennum fjármálastofnunum eins og bönkum og sparisjóðum.

Áður en ráðist er í fasteignakaup þarf væntanlegur kaupandi að fara í **greiðslumat**, sem byggist á því að lagt er mat á greiðslugetu hans. Í niðurstöðum greiðslumats kemur fram hversu dýrt húsnæði viðkomandi getur keypt miðað við tekjur hans og eignir. Bankar og sparisjóðir sjá um framkvæmd greiðslumats auk þess sem hægt er að gera það rafrænt á Netinu, t.d. á vefnum www.ils.is.

Þeir sem veita húsnæðislán fara alltaf fram á einhvers konar tryggingu fyrir lánum sínum ef lántaki skyldi bregðast þeirri skyldu sinni að borga af lánunum. Algengast er að fara fram á veð í fasteigninni sem var keypt eða fasteign annarra sem þá gefa veðleyfi. Það að lánveitandi fær veð í fasteign er í raun trygging hans fyrir því að ef lántaki borgar ekki afborganirnar af lánunum má selja veðsettu eignina og lánveitandi fær andvirði lánsins greitt af söluverðinu.

Verkefni

Þú ætlar að kaupa þér meðalstóra tveggja herbergja íbúð eftir 10 ár og ætlar að safna þér fyrir útborguninni sem verður 20% af íbúðarverðinu. Í þessu dæmi skaltu miða við íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu.

Það sem þú þarft að gera er:

- Að finna út meðalverð á tveggja herbergja íbúðum og reikna hversu há upphæð 20% af verðinu er.
- Ákveða síðan hvaða sparnaðarleið gefur þér hæsta vexti þar sem ekki verður hreyft við peningunum fyrr en eftir 10 ár.
- Reikna síðan út hversu háa upphæð þú þarft að leggja fyrir á mánuði í þessi 10 ár og miða við að allar greiðslur séu jafnháar.
- Finndu síðan rekstarkostnað af tveggja herbergja íbúð á ársgrundvelli (t.d. fasteignagjöld, skyldutryggingar og viðhald).

Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR



Í þessu verkefni er fjallað um:

- Vanskil og innheimtu-aðgerðir
- Gjaldþrot og gjaldþrot
- Gjaldfellingu lána
- Dráttarvexti
- Gjaldþrot

Hvað gerist ef þú borgar ekki af lánum?

Það að takast á hendur fjárskuldbindingar (að taka lán) felur í sér lagalega skuldbindingu. Hafir þú tekið lán og þær aðstæður koma upp að þú sérð ekki fram á að geta staðið í skilum (borgað á réttum tíma) er mjög mikilvægt að hafa strax samband við lánveitanda og semja um breyttan afborgunartíma. Sé það ekki gert hefst ferli til að innheimta skuldina og getur lántakandi komist á vanskilaskrá, lent í fjárnámi og jafnvel gjaldþroti. Að vera lýstur gjaldþrota er alvarlegt mál. Viðkomandi nýtur þá ekki trausts í bankakerfinu í nokkur ár. Það felur meðal annars í sér að hann getur ekki tekið á sig neinar fjárskuldbindingar svo sem lán eða átt eignir á sínu nafni.

Við gerð lánasamninga er ákveðið hvaða daga afborgarnir eiga að fara fram. Talað er um tvenns konar dagsetningar; gjaldþrot og gjaldþrot.

Gjaldþrot er dagurinn þegar kröfuhafi (sá sem lánaði) getur krafist greiðslu hjá skuldara, en gjaldþrot er dagurinn sem kröfuhafi er heimilt að hefja innheimtu-aðgerðir. Allar þær aðgerðir sem lánveitandinn getur farið í til að innheimta fé sitt kallast innheimtuaðgerðir.

Ef þú borgar t.d. ekki fyrstu afborgun af láni og lánveitandi telur að þú munir ekki standa frekar við samninginn getur hann (bankinn, sparisjóðurinn eða fjármálafyrirtækið sem lánaði þér) ákveðið að rifta lánasamningnum og gjaldfella lánið. Gjaldfelling láns þýðir að lánveitandinn krefst þess að lánið verði allt borgað upp strax; samningurinn er ekki lengur í gildi. Lánið er sent til lögfræðings í innheimtu og hefur það í för með sér mikinn kostnað sem lendir allur á lántakanda.

Verkefni

Þetta verkefni felst í því að þú leitar svara við spurningunum fjórum hér fyrir neðan. Þú getur aflað þér upplýsinga á vefsíðum fjármálafyrirtækja, Ríkisskattstjóra www.rsk.is, Alþingis www.althingi.is, endurskoðendafyrirtækja og annarra sem þér dettur í hug. Einnig má finna í *Handbók neytenda* á vef Neytendasamtakanna www.ns.is upplýsingar um greiðslur, skuldir og vanskil.

Hvað eru:

- Vanskil?
- Innheimtukostnaður?
- Fjárnám?
- Gjaldþrot?

Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Ráðstöfunartekjur
- Neysluviðmiðun
- Útgjaldaáætlun

Þú ferð að búa – reka þitt eigið heimili

Þið eruð ástfangin og þið ætlið að fara að búa saman. Þá þarf að gera sér grein fyrir því hvað kostar að reka venjulegt heimili, sjá hversu miklar tekjur þið þurfið að hafa til að ná endum saman.

Þegar gera á vandaða **útgjaldaáætlun** felur það í sér að skoða þarf kostnað á fjölmörgum þáttum daglegs lífs. Best væri ef til væri ítarlegt heimilisbókhald heima hjá þér svo þú getir athugað hvað raunverulega kostar að reka heimilið sem þú býrð á núna. Afla þyrfti upplýsinga um:

Mat og drykk, húsnæðiskostnað (s.s. afborganir húsnæðislána og viðhaldskostnað), læknis- og lyfjakostnað, ferðir og flutninga (s.s. rekstur bíls, ferðalög, strætó o.fl.), föt, rafmagn, hita og síma, húsgögn og heimilisbúnað, tómstundir og menntun (námskeið, félagsstarf, íþróttæfingar, skólagjöld o.fl.), aðrar vörur og þjónustu (s.s. hárgreiðslu, fjölmiðla, leikhús, bíó, afmælisgjafir, skartgrip, sparnað o.fl.).

Á vef velferðarráðuneytisins er gefin út **neysluviðmiðun**, en það er lágmarksviðmiðun um framfærslukostnað miðað við fjölskyldugerð. Ýmsar upplýsingar um útgjöld og neyslu heimila má einnig finna á www.hagstofa.is

Verkefni

Í þessu verkefni gerir þú ráð fyrir heimili með tveimur fullorðnum einstaklingum.

Það sem þú þarft að gera er:

- Áætla samanlagðar mánaðartekjur ykkar.
- Reikna út ráðstöfunartekjur heimilisins.
- Áætla framfærslukostnað (t.d. út frá neysluviðmiðum) á mánuði í heilt ár.
- Bæta hugsanlega við kostnaði vegna reksturs bíls (sjá verkefni á bls. 26).

Hvað þurfa ráðstöfunartekjur heimilisins að vera háar til að standa undir lágmarksframfærslukostnaði?

Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Í þessu verkefni er fjallað um:

- Hagkvæmni/hagsýni
- Samanburð tilboða
- Gagnrýni á auglýsingar
- Stjórn eigin fjármála

Hagsýni

Þegar fólk skipuleggur eigin fjármál er tvennt afar mikilvægt. Annars vegar þarf að endurskoða núverandi útgjöld (það er í hvað peningarnir fara) en þá kemur gjarnan í ljós hvar má hagræða, t.d. hverju megi breyta eða hverju megi jafnvel sleppa.

Hins vegar, þegar sett eru ný markmið í fjármálum, þarf að velja fyrir sér hvað hagkvæmast sé að gera. Ef mann langar til dæmis að eignast nýjan hlut eða taka þátt í einhverju tómskundastarfi sem kostar peninga þarf að vega og meta tilboð, skoða auglýsingar á gagnrýninn hátt og reyna að átta sig á því hvort borgar sig að safna eða fá lán. Því ekki er ævinlega allt sem sýnist.

Verkefni

Þú átt að velja eitt af verkefnunum hér fyrir neðan eða koma með tillögu að nýju verkefni, en þarft þá að fá samþykki kennarans fyrir því. Hvaða verkefni sem þú velur þá gilda eftirfarandi leiðbeiningar:

Þú átt að:

- Bera saman kosti sem þú hefur um að velja.
- Velja hvaða kostur er bestur fyrir þig og útskýra af hverju.
- Reikna út hvort er hagkvæmara að spara fyrir hlutnum eða taka lán og færa rök með og á móti.
- Skrá hvað kom þér á óvart við þessa athugun.

1. Þú kaupir þér nesti í skólanum daglega. Skráðu hvað þú kaupir venjulega, reiknaðu hvað það er mikið á mánuði og svo á ári. Hvað myndir þú spara ef þú tækir nesti með þér að heiman?
2. Þú ætlar að kaupa þér kort í líkamsræktarstöð. Þú þarft að áætla hversu oft í viku þú munt raunverulega mæta og ákveða hvers konar kort hentar þér best. Síðan áttu að reikna út hvað hvert skipti kostar. Berðu síðan niðurstöðuna saman við verð á mismunandi sundkortum. Er hægt að stunda ókeypis líkamsrækt? Hvers konar?
3. Þú ætlar í viku ferðalag um landið og fara hringveginn. Þú átt ekki bíl en flestan útilegubúnað. Þú þarft að skipuleggja ferðina, ákveða hvort þú ætlar að gista í tjaldi, á hóteli eða í bændagistingu. Einnig þarftu að ákveða hvort þú ætlar að leigja bíl eða fara með rútu. Mundu líka að gera ráð fyrir matarkostnaði. Hver er hagkvæmasti kosturinn í slíku ferðalagi?
4. Í blöðum og auglýsingabæklingum eru auglýsingar um tilboð á sjónvarpstækjum. Finndu nokkrar slíkar og berðu saman. Veldu síðan áhugaverð sjónvarpstæki og reiknaðu út hvað þau kosta þig (endanlegt heildarverð) ef þú staðgreiðir, ef þú borgar þau á raðgreiðslum og síðan ef þú tekur skuldabréfalán fyrir þeim til tveggja ára.
5. Mjög dýrt námskeið sem þig langar gríðarlega mikið að taka þátt í er að hefjast. Þú átt að reikna út hvort er hagkvæmara, að fá yfirdráttarlán á debetkortareikninginn þinn eða borga með kreditkorti (og skipta verðinu í raðgreiðslur).

Úrlausnir

MINNISLISTI
ÍTAREFNI
FORMÚLUR

Unglingur í vanskilum

Gjaldþrot blasti við

Arnar er einungis 23 ára gamall en þekkir þó vel hvað það er að steypa sér í skuldir. „Ég var næstum því orðinn gjaldþrota 21 árs gamall eftir að hafa steipt mér í alls konar skuldir. Ég var með yfirdrátt í öllum bönkum og svo var ég með bíl á rekstrarleigu,“ segir Arnar og tekur skýrt fram að hann hafi ekki verið í vímuefnaneyslu, bara lífsgæðakapphlaupi – sem að vísu hófst óvenjusnemma hjá honum.

„Ég fékk mér yfirdrátt átján ára, keypti bíl, eyddi á fullu og vann eins og vitleysingur, átti samt aldrei pening,“ segir Arnar sem var með 75.000 krónur í afborganir á mánuði, unglings í framhaldsskóla. „Svo kom að því að ég var við gjaldþrot 21 árs gamall,“ segir Arnar sem var þó svo heppinn að geta bjargað málum með hjálp góðra manna. „Ég er enn að greiða niður þessar skuldir og peningaeyðslan varð til þess að ég frestaði háskólanámi,“ segir Arnar sem telur það ekki óalgengt að framhaldsskólanemendur safni svo miklum skuldum að það bitni á framtíðaráformum þeirra. „Ég legg líka mikla áherslu á ábyrgð einstaklinganna. Þegar ég var í eyðsluruglinu þá var ég fullkomlega ábyrgðarlaus, ég bara eyddi.“

Trúnaður við foreldra er mjög mikilvægur að mati Arnars: „Foreldrar mínir - höfðu ekki hugmynd um hversu illa ég stóð. Það er mjög mikilvægt að krakkar leyfi foreldrum sínum að fylgjast með fjármálunum sínum.“

Fréttablaðið 17. febrúar 2004.

AURARÁÐ

Hvað kostar þinn lífsstíll? Hvers vegna borgum við skatta? Hvað eru kreditkort, raðgreiðslur og yfirdráttur? Hvað kostar að reka bíl? Borgar sig að spara peninga?

Í þessu einnota vinnuhefti er að finna svör við þessum spurningum og ýmsum öðrum atriðum um fjármál einstaklinga. Fjallað er stuttlega um hvert atriði og því fylgt eftir með verkefnum. Til að leysa sum þeirra er gert ráð fyrir upplýsingaleit og notkun reiknivélar á Netinu.

Stuttar kennsluleiðbeiningar eru á vef Námsgagnastofnunar, www.nams.is.